

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið við Varmárósa.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið við Varmárósa. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

#### 1. gr.

Til þess að tryggja friðhelgi fugla er hundum bannaður aðgangur að friðlandinu allan varp- og ungatímann frá 1. maí - 15. ágúst sbr. samþykkt um hundahald í Garðabæ, Hafnarfjarðar-kaupstað, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ nr. 1348/2022. Undanskildir eru hundar í leitar- og björgunaraðgerðum og vegna skipulagðra minkaveiða. Á sama tíma er umferð í friðlandinu ekki leyfileg utan skilgreindra göngu- og reiðleiða.

#### 2. gr.

Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar. Heimilt er að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 1. júlí 2024.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*